

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag í Hveragerði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkt þann 18. desember 2003 nýtt deiliskipulag við Birkimörk, Hveragerði.

Deiliskipulagsuppráttur og tilheyrandi greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bæjarstjórnin í Hveragerði, 12. ágúst 2004.

Orri Hlöðversson.

REGLUGERÐ

um takmörkun tiltekinna efna í raftækjum.

Markmið.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að takmarka notkun tiltekinna skaðlegra efna og efna-sambanda í raftækjum og stuðla þannig að vernd heilsu manna og minna álagi á umhverfið vegna endurnýtingar og förgunar rafækja.

Gildissvið.

2. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til raftækja sem talin eru upp í viðauka I við reglugerð þessa og einstakra hluta þeirra, ef í þeim eru einhver eftirtalinn efna eða efnasambönd þeirra: Blý, kvikasilfur, kadmíum, sexgilt króm, fjölbrómbífenýl (PBB: polybrominated biphenyls) eða fjölbrómdífenýleter (PBDE: polybrominated diphenyl ethers).

Reglugerð þessi nær ekki til varahluta til viðgerða á raftækjum sem eru markaðssett fyrir gildistöku reglugerðar þessarar eða til endurnotkunar á raftækjum.

Orðskýringar.

3. gr.

Framleiðandi: aðili sem;

- framleiðir og selur raftæki undir eigin vörumerki,
- endurselur raftæki sem aðrir framleiða undir eigin vörumerki, eða,
- flytur raftæki inn á EES-svæðið.

Markaðssetning: innflutningur, dreifing eða sala raftækja.

Raftæki: búnaður sem tiltekinn er í viðauka I, sem þarf rafstraum eða rafsegulsvið til að starfa og búnaður til að framleiða, flytja og/eða mæla slíkan rafstraum eða rafsegulsvið. Búnaðurinn skal vera hannaður til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1000 volt þegar um ríðstraum er að ræða og ekki yfir 1500 volt þegar um jafnstraum er að ræða.